



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

# Aðkoma lögreglu að heimilisofbeldi þegar lögregla er kvödd inn á heimili vegna gruns um heimilisofbeldi

Árni Björn Hilmarsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til  
BA- gráðu í lögreglu- og löggæslufræði

Félagsvísindadeild

Maí 2021



## **Aðkoma lögreglu að heimilisofbeldi þegar lögregla er kvödd inn á heimili vegna gruns um heimilisofbeldi**

Hverjir eru fyrstu verkferlar lögreglunnar við aðkomu inn á heimili í kjölfar tilkynningar um heimilisófrið eða heimilisofbeldi?

Hvernig er nýju verklagi varðandi heimilisofbeldi háttað í samanburði við hvernig það var áður og hvernig er eftirfylgni lögreglu háttað nú?

Árni Björn Hilmarsson

12 eininga lokaverkefni

sem er hluti af

Bachelor of Arts-prófi í lögreglufræðum

Leiðbeinandi

María Rún Bjarnadóttir

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2021

## Titill: Aðkoma lögreglu að heimilisofbeldi þegar lögregla er kvödd inn á heimili vegna gruns um heimilisofbeldi

Hvernig er nýju verklagi varðandi heimilisofbeldi háttað í samanburði við hvernig það var áður og hvernig er eftirfylgni lögreglu háttað nú?

Hverjir eru fyrstu verkferlar lögreglunnar við aðkomu inn á heimili í kjölfar tilkynningar um heimilisófrið eða heimilisofbeldi?

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts- prófi í lögreglufraeðum

Höfundarréttur © 2021 Árni Björn Hilmarsson  
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Árni Björn Hilmarsson, 2021 B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið,  
Háskólinn á Akureyri, 38 bls.

Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis.

Árni Björn Hilmarsson

## Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til B.A. gráðu í lögreglufræðum við Háskólann á Akueyri. Markmið mitt var að skoða þá verkferla sem lögreglan á að vinna eftir á vettvangi heimilisofbeldis, samkvæmt verklagsreglum ríkislögreglustjóra og hvort og þá hvernig breytingarnar sem urðu á þeim árið 2015 leiddu til betri aðstoðar og þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis. Ég vildi leita svara við tveimur rannsóknarspurningar, „Hverjir eru fyrstu verkferlar lögreglunnar við aðkomu inn á heimili í kjölfar tilkynningar um heimilisófrið eða heimilisofbeldi?“ og „Hvernig er nýju verklagi varðandi heimilisofbeldi háttað í samanburði við hvernig það var áður og hvernig er eftirfylgni lögreglu háttað nú?“ Rannsókn mín byggði á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem ég tók m.a. viðtöl við tvo lögreglumenn sem starfa á vettvangi heimilisofbeldismála. Leit mín að svörum við rannsóknarspurningunum leiddi í ljós að verkferlar og verklagsreglur lögreglunnar varðandi aðkomu að heimilisofbeldissmálum hafa breyst og þróast í gegnum árin. Hér áður fóru almennt aðeins tveir lögreglumenn í útkall vegna heimilisofbeldis, en í dag fara auk lögreglumannanna fulltrúar félagsþjónustu og barnaverndar og áhersla er lögð á markvissa eftirfylgni. Í dag er meiri áhersla á það en áður að styrkja ekki aðeins þolanda heimilisofbeldisins heldur einnig gerandann. Mikil áhersla er á að huga sem best að líðan barna sem upplifa heimilisofbeldi eða tengjast því á einhvern hátt. Í rannsókn minni kom einnig í ljós að tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgaði áberandi eftir að settar voru samkomutakmarkanir eftir að Covid19 faraldurinn fór í gang. Jákvætt viðhorf almennings gagnvart því að tilkynna heimilisofbeldi til lögreglu er líka algengara nú. Aðferðir lögreglu til að ná til erlendra þolenda heimilisofbeldis eru einnig orðnar markvissari. Góð samvinna allra aðila, markviss rannsóknarvinna, nálgun á vettvangi og framvinda eftirfylgni, forvarnir, bjargráð og fræðsluefni, gefa von um betri árangur til að draga úr heimilisofbeldi en áður.

## Abstract

This essay is my final project for my B.A. thesis in police study in the University of Akureyri. My goal is to examine the procedures that the police is supposed to follow at the field of domestic violence, according the standard procedure of The National Commissioner of the Police and if and how the changes made to them in 2015 resulted in better assistance and service for the victims of domestic violence. I wanted to find answers to two study questions, “what are the first procedures of the police when entering a home following a call about domestic disturbance or domestic violence?” And “how is the new procedure concerning domestic violence compared to previous procedure and how is the current follow-up done by the police?” My study is based on a quantitative research method where I inter alia interviewed two police officers who work in the field of domestic violence. My search for answers to my research inquiries revealed that the procedure of the police in relation to domestic violence cases have changed and developed throughout the years. In earlier times, only two police officers responded to a domestic violence call, but today, in addition to the policemen, representatives of social services and Child Protections Services also come the field of domestic violence and emphasis is put on a goal-orientated follow-up. Today there is more emphasis put on that than in earlier times to not only strengthen the victims of domestic violence but also the doer. Great emphasis is put on taking the best possible care of the well-being of the children that experience domestic violence or are related to that in some way. My study also revealed that reports of domestic violence clearly increased following the introduction of the gathering limits since the beginning of the Covid19 pandemic. A positive public attitude towards reporting domestic violence to the police is also more common now. The methods of the police to reach foreign victims of domestic violence are also goal-orientated now. Good cooperation of all parties, goal-orientated research work, approach in the field and the progress of a follow-up, preventive measures, resources and educational material, give hope for better results in decreasing domestic violence than before.

Þakkir til leiðbeinanda

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Maríu Rún Bjarnadóttur, alla aðstoðina, samskiptin og allar góðar leiðbeiningar. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir mikla hvatningu og alla þolinmæðina.

Árni Björn Hilmarsson



## Efnisyfirlit

1. INNGANGUR .....	10
2. AÐFERÐARFRÆÐIN.....	11
3. SKILGREININGAR Á HUGTÖKUM.....	12
3.1 ANDLEGT OFBELDI .....	13
3.2 KYNFERÐISLEGT OFBELDI .....	13
3.3 REFSINGAR TENGDAR HEIMILISOFBELDI.....	13
4. HEIMILISOFBELDI .....	14
5. VERKLAGSREGLUR LÖGREGLU VARÐANDI HEIMILISOFBELDISMÁL.....	15
6. VERKFERLAR LÖGREGLU Á VETTVANGI HEIMILISOFBELDIS .....	18
6.1 VERKLAG LÖGREGLU Í HEIMILISOFBELDISMÁLUM FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA .....	20
7. TÖLFRÆÐILEGUR SAMANBURÐUR Á TILKYNNINGUM Á HEIMILISOFBELDI Á ÁRUNUM 2017 TIL 2020 .....	22
8. ÁHRIF COVID19 Á AUKNINGU HEIMILISOFBELDIS.....	24
8.1 BÖRN GETA VERIÐ Í AUKINNI HÆTTU VEGNA HEIMILISOFBELDIS .....	26
9. ÞOLENDUR OG GERENDUR.....	26
10. BJARGRÁÐ.....	29
11. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR.....	30
12. HEIMILDASKRÁ.....	34

# 1. Inngangur

Heimilisofbeldi hefur víðtæk og oft varanleg áhrif á fórnarlömbin. Það hversu hratt og vel samfélagið bregst við slíku ofbeldi, getur haft afgerandi áhrif á framvindu mála. Lögreglan er oftast sá aðili sem fyrstur er kallaður á vettvang heimilisofbeldis og framganga lögreglunnar hlýtur að geta haft mikið að segja til um hvernig til tekst með að hlúa að fórnarlambinu og róa gerendur. Hér er um að ræða viðkvæmt vinnusvæði, þar sem allt fas lögreglunnar og festa og yfirvegum lögreglumanna, getur ráðið úrslitum um hvernig til tekst (Viðmælandi A, 2021).

Hér í þessari ritgerð er viðfangsefni mitt aðkoma lögreglu að heimilisofbeldismálum þegar lögregla er kvödd inn á heimili vegna gruns um heimilisofbeldi eða heimilisófrið. Lögreglan gegnir hér veigamiklu hlutverki, bæði ein og sér, en ekki síður í góðri samvinnu við félagsþjónustu og barnavernd sem kom til eftir breytingar á verklagi (Viðmælandi B, 2021). Markmið mitt er að skoða þá verkferla sem lögreglan á að vinna eftir á vettvangi brots, samkvæmt verklagsreglum ríkislögreglustjóra, og hvort og þá hvernig breytingarnar sem urðu á þeim árið 2015 leiddu til betri aðstoðar og þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis. Þegar lögreglan var áður fyrr kvödd á staðinn, þá var áherslan lögð á að þolandanum væri boðið að yfirgefa heimilið. Breyting varð á nálgun lögreglunnar gagnvart heimilisofbeldismálum almennt árið 2015 í kjölfar tilraunarverkefnis lögreglunnar á Suðurnesjum „*Að halda glugganum opnum*“ (Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, 2013). Markmið tilraunarverkefnisins var að bæta stöðu þolanda og jafnvel líka geranda með breyttri nálgun lögreglunnar og félagsmálayfirvalda. Grundvallar breytingin sem varð til þess að verklagið breyttist, var sú breytta afstaða almennings og yfirvalda að heimilisofbeldismál væru ekki einkamál (Helga Rósa Atladóttir, 2015).

Til þess að hægt sé að fjalla um heimilisofbeldi, þarf að skoða skilgreiningar á helstu hugtökum og þar styðst ég við opinberar skilgreiningar frá ríkislögreglustjóra (Ríkislögreglustjóri, 2018) og Jafnréttisstofu (Jafnréttisstofa, 2021), sem eru notaðar í umfjöllun um ýmsar tegundir heimilisofbeldis. Rýnt er í tölfræðilegan samanburð á tilkynningum um heimilisofbeldi á Íslandi, á árunum 2017 til 2020, áhrif Covid19 á aukningu heimilisofbeldis skoðuð og fjallað um hverjir tilkynni um heimilisofbeldi. Verkferlar lögreglu á vettvangi heimilisofbeldis, eftirfylgni lögreglu gagnvart þolendum og gerendum og ýmis bjargráð þeim til handa, fá ítarlega umfjöllun. Oft er eitt að lesa skýrslur og ritrýndar greinar um heimilisofbeldismál og svo annað að fá munnlegar heimildir lögreglumanna sem eru í lifandi starfi á vettvangi. Því leitaðist ég við að fá að ræða við lögreglumenn sem starfa á vettvangi heimilisofbeldismála.

Þannig tók ég viðtöl við tvo lögreglumenn, rannsóknarlögreglumann og aðstoðaryfirlögregluþjón, en báðir starfa þeir hjá lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi heimilisofbeldismála.

## 2. Aðferðarfræðin

Á undanförunum árum hafa ýmsir aðilar rýnt í aðkomu lögreglunnar að heimilisofbeldi. Megin tilgangur minn með þessari ritgerð var að fá fram sem raunverulegastar upplýsingar um hvernig núgildandi verklag lögreglunnar á vettvangi heimilisofbeldis nýtist til farsællar þróunar á vettvangi. Einnig vildi ég skoða hvernig verklagið hefur þróast og breyst í kjölfar tilraunaverkefnis Barnaverndarstofu 2011 og tilraunaverkefnis lögreglunnar á Suðurnesjum 2013.

Til að ná fram heilsteyptri mynd af núverandi aðstæðum beitti ég eigindlegri rannsóknaraðferð. Þegar unnið er með eigindlegar rannsóknaraðferðir er um nokkrar leiðir að ræða, einkum viðtöl, rannsóknir á vettvangi eða vinnu með rýnihópa (Neuman, 2011; Padgett, 2008). Í minni rannsókn valdi ég viðtalsnálgunina, þar sem ég lagði spurningar fyrir tvo starfandi lögreglumenn sem koma mikið að vinnu með heimilisofbeldismál, hafa staðið vaktina í langan tíma og þekkja því málaflokkinn mjög vel. Til að fá fram skýr svör um allar aðstæður bauð ég viðmælendum mínum líka upp á frjálsta svörun, þ.e. að fara dýpra í málin en spurningar mínar gáfu tilefni til. Ég hitti lögreglumennina á lögreglustöðinni þar sem þeir starfa í mars 2021. Ég hljóðritaði viðtölin og skrifaði þau síðan niður. Í ritgerðinni vitna ég til lögreglumannanna sem Viðmælanda A og Viðmælanda B. Nöfn þeirra eru ekki gefin upp í heimildaskrá þar sem óskað var eftir nafnleynd.

Rannsóknarspurningarnar tvær sem ég lagði fyrir viðmælendur mína voru; „Hverjir eru fyrstu verkferlar lögreglunnar við aðkomu inná heimili í kjölfar tilkynningar um heimilisófrið eða heimilisofbeldi?“ og „Hvernig er nýju verklagi varðandi heimilisofbeldi háttað í samanburði við hvernig það var áður og hvernig er eftirfylgni lögreglu háttað?“

Segja má að viðtöl mín við lögreglumennina tvo séu megin uppistaða mín í söfnun staðfesta upplýsinga um aðstæður á vettvangi heimilisofbeldis í dag. Vinnuaðferðin hefur bæði kosti og

galla. Með því að vera með fyrirfram ákveðnar spurningar, lykilsurningar ritgerðarinnar, en gefa viðmælendum mínum að auki rými og tækifæri til að koma með aðrar upplýsingar, færir það mér sem rannsakanda dýpri skilning á upplifunum lögreglumannanna af því sem gerist á vettvangi (Esterberg, 2002). Með þessu móti taldi ég mig geta fengið raunverulegri mynd af aðstæðum en annars og það var einmitt meginmarkmið mitt. Gallinn er hinsvegar sá, að þá er erfiðara um vik að yfirfæra upplýsingarnar á aðstæður almennt. Upplýsingarnar frá viðmælendum mínum varpa ljósi á aðstæður eins og þær eru í dag á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir eru starfandi, en eiga síður við í fámennari sveitarfélögum úti á landsbyggðinni. Að auki nýtti ég mér heimildir úr ritrýndum greinum, lokaritgerðum einstaklinga sem hafa rýnt í þennan málaflokk, útgefnar skýrslur og fræðiefni.

Til að fá smá yfirlit yfir þróun og tíðni upplýsinga um heimilisofbeldi hér á landi, sótti ég mér tölfræðilegar upplýsingar í birtar skýrslur ríkislögreglustjóra. Þær tölulegu upplýsingar sem þar er að finna gefa þó aðeins hluta af myndinni, því gera má ráð fyrir að aðeins sé tilkynnt um hluta þess heimilisofbeldis sem á sér stað í raun og veru.

### 3. Skilgreiningar á hugtökum

Skilgreining á heimilisofbeldi er þegar maki, fyrrverandi maki, börn, systkini, foreldrar, forráðamenn eða nákominn aðili, beita fjölskyldumeðlim ofbeldi með einum eða öðrum hætti. Gerendur heimilisofbeldis geta þannig verið skildir aðilar eða tengdir. Heimilisofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt eða jafnvel stafrænt. Fjármál eru oft ekki á höndum brotþola og þá geta gerendur frekar stjórnað þolendum. Í stafrænu heimilisofbeldi getur falist að senda skilaboð á samfélagsmiðlum eða stjórna t.d. því við hverja þolandinn er í sambandi við á samfélagsmiðlum (Jafnréttisstofa, 2021). Hugtakið stafrænt kynferðisofbeldi felur meðal annars í sér opinbera birtingu á myndum eða myndskleiðum sem teknar eru með eða án leyfis viðkomandi og er dreift áfram án samþykkis hans. Oftast er um að ræða kynferðislegar ljósmyndir og/eða myndskleið af einstaklingi (Elisabeth Lind Matthíasdóttir, 2020).

### 3.1 Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi hefur margar birtingamyndir og geta afleiðingarnar haft langvarandi áhrif á þolandann. Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir alvarleika ofbeldisins né að um ofbeldi sé að ræða þar sem það er oft svo hulið. Aðilinn sem beitir ofbeldinu gerir það gjarnan með uppnefningum, niðurlægingu, drottnun, hótunum, gagnrýni eða öskrum, eða t.d. með vantrausti varðandi hin ýmsu mál (Jafnréttisstofa, 2021).

### 3.2 Kynferðislegt ofbeldi

Þegar maki neyðir maka sinn til kynlífsathafna án samþykkis eða vilja makans, er um kynferðisbrot að ræða. Það gefur engum rétt til að fara innfyrir mörk sem maður setur, hvort sem aðilar eru í sambandi eða ekki. Þetta þurfa heldur ekki bara að vera kynlífsathafnir, kynferðisofbeldi á líka við um snertingu, káf, áreiti eða árás (Jafnréttisstofa, 2021).

### 3.3 Refsingar tengdar heimilisofbeldi

Þann 5. apríl 2016 tók gildi sérstakt refsíákvæði um ofbeldi í nánnum samböndum með 4. gr. laga nr. 23/2016 með breytingu á almennum hegningarlögum. Ákvæðið varð að 218. gr. b. alm. hgl. og er svohljóðandi:

- Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.
- Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda (Almenn hegningarlög, 1940. 218. gr. b).

## 4. Heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er ekki bundið við heimili geranda eða þolanda og getur átt sér stað hvar sem er. Þetta kemur greinilega fram í 4. grein *Verklagsreglna um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá Ríkislögreglustjóra árið 2018*, en þar er vettvangur heimilisofbeldismála skilgreindur hvar svo sem heimilisofbeldið hefur átt sér stað (Ríkislögreglustjóri, 2018). „Heimilisofbeldi er kannski ekki alveg eins og fólk heldur, að maki sé að lemja hinn makann eða ganga í skrokk á honum, oft eru þetta börn að ganga í skrokk á foreldrum, eða systkini að slást, það er mjög algengt, þetta er bara alls konar“ (Viðmælandi A, 2021).

Flest heimilisofbeldisútköll eru vegna brota sem flokkast undir:

- Húsbrot (231. gr. hgl.)
- Eignaspjöll (257. gr. hgl.)
- Hótanir (233. gr. hgl.)
- Líkamsárás (217., 218., 218. gr. b. hgl.)
- Frelsissviptingu (226. gr. hgl.)
- Brot gegn börnum (98.-99. gr. bvl.) – (Foreldrar vímaðir, vanræksla, refsingar o.þ.h., andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi.)

Önnur brot sem talist geta til heimilisofbeldis:

- Ofbeldi, ólögmat nauðung, hótanir vegna skýrslugjafar hjá lögreglu eða dómi (108. gr. hgl.)
- Brot gegn nálgunarbanni, ofsóknir (232. gr. hgl.)
- Stórfelldar ærumeiðingar (233. gr. b. hgl.)
- Svipting valds/umsjár yfir barni (139. gr. hgl.)
- Nauðgun (194. gr. hgl.)
- Ólögmat nauðung (195. gr. hgl.)
- Kynferðisleg áreitni (199. gr. hgl.)
- Sifjaspell, samræði/önnur kynferðismök milli systkina eða niðja óháð aldri (200. gr. hgl.)
- Samræði/önnur kynferðismök við stjúp barn/fósturbarn/kjörbarn (201. gr. hgl.)
- Kynferðisbrot gegn barni (202. gr. hgl.)

- Vændi, vændisstarfsemi (206. gr. hgl.)
- Blygðunarsemisbrot (209. gr. hgl.)
- Ólögsmæt nauðung (225. gr. hgl.)
- Frelsissvipting af stórfelldu gáleysi (227. gr. hgl.)
- Mansal (227. gr. a. hgl.)
- Fjárkúgun (251. gr. hgl.)
- Rán (252. gr. hgl.)
- Misneyting – Fjársvik (253. gr. hgl.)
- Manndráp (211. gr. hgl.)
- Manndráp af gáleysi (215. gr. hgl.)

(Almenn hegningarlög, 1940).

## 5. Verklagsreglur lögreglu varðandi heimilisofbeldismál

Verklagsreglur ríkislögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu voru fyrst settar árið 2005 og kváðu á um skráningu slíkra mála í sérstakan verkefnaflokk í málaskrá lögreglunnar (Viktoría Guðmundsdóttir, 2015). Síðan hafa verklagsreglurnar þróast og breyst í gegnum árin. Árið 2014 voru verklagsreglur lögreglu varðandi heimilisofbeldismál frá árinu 2005 uppfærðar. Við uppfærsluna var áhersla lögð á markvissari vinnu en áður var viðhöfð í þessum málum og að skráning mála væri rétt. Eins og sjá má á yfirlitinu í töflu 1., þá varð mikil aukning á skráðum heimilisofbeldismálum í málaskrárkerfi lögreglu á tímabilinu frá 2014 til 2015, t.d. um 120% aukning hjá LRH, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Stóran hluta af þessari aukningu má rekja til markvissari skráningar. Fyrir 2014 var algengara að skrá „ágreining milli skyldra og tengdra“ þegar í raun hefði átt að skrá „heimilisofbeldi“ þar sem sannarlega var grunur um brot. Þá voru einnig áður tilvik þar sem hefði átt að skrá heimilisofbeldi vegna tengsla gerenda og þolenda í málinu, en það ekki skráð heldur eingöngu brotin sem gerandi var grunaður um að hafa framið.

Tafla 1. Heimilisofbeldi, fjöldi tilvika eftir embættum árin 2008 til 2019.

Lögregluembætti	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019 (jan- ágúst)
Austurland	6	14	11	9	9	14	6	6	4	4	9	7
Höfuðborgarsvæðið	188	181	226	217	235	262	294	650	657	712	702	467
Norðurland eystra	16	13	9	20	15	15	31	27	42	33	40	28
Norðurland vestra	1	4	4	3	2	1	4	6	3	1	3	0
Suðurland	14	12	14	7	17	8	14	29	39	39	36	57
Suðurnes	22	21	18	26	43	55	39	63	51	70	53	28
Vestfirðir	4	6	3	8	0	2	11	9	6	12	6	8
Vestmannaeyjar	4	4	2	7	3	3	2	6	14	10	7	7
Vesturland	10	10	10	7	17	14	12	11	7	7	10	4
Alls	265	265	297	304	341	374	413	807	823	888	866	606

(Ríkislögreglustjóri, 2018).

Þegar fjallað er um aðkomu lögreglunnar að heimilisofbeldismálum, er oft talað um tilraunaverkefni lögreglunnar á Suðurnesjum árin 2013 til 2016 sem nefndist „Að halda glugganum opnum“. Ríkislögreglustjóri innleiddi síðan þessa nálgun í öllum lögregluumdæmum í desember 2014 og önnur lögregluembætti og sveitarfélög á landinu fylgdu í kjölfarið árið 2015 (Sigríður Björk Guðjónsdóttir, 2018). Þessar nýju verklagsreglur, „Að halda glugganum opnum“, eiga sér undanfara sem var tilraunaverkefni Barnaverndarstofu og lögreglu árið 2011, er miðaði að því að tryggja barnvæna nálgun í heimilisofbeldismálum þar sem börn komu við sögu. Það tilraunaverkefni var í gangi frá því í september 2011 og fram í maí 2013 og nefndist „Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“. Þarna var um að ræða nýja þjónustu sem fólst í því að sérfræðingur á vegum Barnaverndarstofu starfaði með lögreglunni eftir ákveðnu vinnulagi og í þeim tilgangi að huga betur að líðan barnanna á staðnum. Með tilraunaverkefninu 2011 fengu börnin þjónustu við hæfi af hálfu sérfróðs aðila og börn sem voru af einhverjum ástæðum hrædd við lögregluna fundu þá fyrir meira öryggi en annars. Þetta verkefni lagði grunninn að skipulegu samstarfi milli lögreglu og barnaverndar varðandi aðkomu lögreglunnar að heimilisofbeldismálum (Elísabet Karlsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2015).

Verklagið sem var tekið upp hjá lögreglunni 2015 var með þeim hætti, að þegar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu um heimilisofbeldi voru kallaðir út sérfræðingar barnaverndarnefndar í gegnum fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra. Sérfræðingur á vegum barnaverndarnefndar átti að ræða við börnin, fá að vita hvernig þeim liði, hvernig þau upplifðu það sem gerðist og leiddi til þess að lögreglan var kölluð til. Þarna var farið að vinna dýpra með málin en áður var gert. Mat sérfræðingsins á líðan barnanna gat leitt til áfallahjálpar og



meðferðarviðtala. Þessi þjónusta var hinsvegar aðeins í boði á virkum dögum frá kl. 16 til kl. 8 næsta morgun, en um helgar var þetta í boði allan sólarhringinn. Barnavernd Reykjavíkur og barnaverndarnefnd Kópavogs sinntu þessu líka um tíma með bakvakt utan skrifstofutíma (Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann, 2014).

Samhliða nýju verklagsreglum var ákveðið að innleiða hættumatið B-SAFER (e. The Brief Spousal Assault from the evaluation of risk), en tilgangurinn með því er að auka faglega nálgun og að geta metið hættu á ofbeldi í nánnum samböndum. Lögregla og félagsþjónustan notast við samskonar matstæki. Segja má að miklar breytingar hafi orðið á vinnslu mála á vettvangi heimilisofbeldis. Sem dæmi má nefna að hér áður fyrr fóru aðeins tveir lögreglumenn í hvert útkall í heimilisofbeldismálum en nú fara, þegar að því verður við komið, samtals sjö til átta aðilar, lögreglumenn og fulltrúar félagsþjónustu og barnaverndar. Í sumum lögregluumdæmum landsins getur þó reynst erfitt að svo margir fari á vettvang því lögreglumenn í dreifbýlinu eru oftast fálíðaðri en svo (Eyrún Sif Helgadóttir og Sara Glóð Jónsdóttir, 2019).

Samkvæmt 8. gr. í verklagsreglum ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála, *Aðstoð við brotaþola og leiðbeiningar*, lið e., þarf að kynna þolanda lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili og að hann geti lagt fram beiðni um nálgunarbann eða brottvísun hjá lögreglu. Slík beiðni til lögreglu getur einnig komið frá félagsþjónustu, barnavernd, lögreglustjóra, fjölskyldu brotaþola eða öðrum sem er honum nákominn. Í lið f. kemur fram að telji lögregla ástæðu til að ætla að þolandi treysti sér ekki til þess að leggja fram beiðni um nálgunarbann af ótta við geranda, eða að honum sé það ókleift af öðrum sambærilegum ástæðum, getur lögregla af sjálfsdáðum ákvarðað um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili og aflað staðfestingar hjá dómstólum. Þá skal upplýsa þolanda um að brjóti maður gegn nálgunarbanni, geti það varðað sektum eða fangelsi og að brot sæti opinberri ákæru óháð kröfu þess sem misgert er við (Ríkislögreglustjóri, 2018).

Samkvæmt 9. gr. í verklagsreglum um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála, *Leiðbeiningum til sakbornings*, eiga lögreglumenn sem hafa afskipti af heimilisofbeldismálum að sýna meintum geranda fyllstu tillitssemi, leiðbeina um réttindi hans eftir því sem við á og útskýra fyrir honum framhald málsins. Það á líka að tilnefna honum verjanda sbr. IV. kafla laga um meðferð sakamála, einkum 1. og 2. mgr. 30. gr. laganna (Ríkislögreglustjóri, 2018).

Samkvæmt 11. gr. í verklagsreglum um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála, *Nálgunarbann og brottvísun af heimili*, er heimilt að beita nálgunarbanni ef a) rökstuddur

grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotþola, eða b) ef hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotþola skv. a-lið. Heimilt er að beita brottvísun af heimili ef: a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot gegn ákvæðum XXII.-XXIV. kafla almennra hegningarlaga og/eða 108. gr., 233. gr. b., 253. gr. og/eða 257. gr. sömu laga og verknauður hefur beinst að öðrum sem er honum nákominn og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknauðarins, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða b., hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotþola skv. a-lið (Ríkislögreglustjóri, 2018).

Hluti af eftirfylgni varðandi heimilisofbeldi er að rannsóknarlögreglumauður og fulltrúar barnaverndar og félagsþjónustu hittast aftur innan tveggja vikna frá útkalli til að fylgja málum eftir og meta stöðu mála. Teymið sem fer í hvert útkall eru fulltrúar frá lögreglunni, félagsmálayfirvöldum og barnavernd. Með samstarfinu er reynt að breyta hugarfari og viðhorfi samfélagsins um allt land til ofbeldis í nánnum samböndum (Eyrún Sif Helgadóttir og Sara Glóð Jónsdóttir, 2019). Verkferlar varðandi eftirfylgni felast einnig í að athuga hvort vísbendingar séu um að heimilisofbeldi standi enn yfir og eftir atvikum hvernig ástand heimilisins er. Lögreglan kannar þá líka hvort þolandi hafi nýja áverka eða hvort eldri áverkar séu orðnir sýnilegri og þá þarf að ljósmynda áverkana. Gera þarf endurmat varðandi hættu á yfirvofandi og ítrekuðu ofbeldi út frá síðasta mati, ef aðstæður gefa tilefni til þess sem og að ítreka fyrri leiðbeiningar til þolanda og einnig til geranda um úrræði, eftir því sem við á. Þolendum skal kynna úrræði um nálgunarbann og brottvísun geranda af heimili. Hluti af eftirfylgni getur verið að þolandi og eftir atvikum gerandi sæti læknisrannsókn og einnig kunna önnur úrræði að styðja við gerendur (Ríkislögreglustjóri, 2018).

## 6. Verkferlar lögreglu á vettvangi heimilisofbeldis

Verkferlar lögreglu á vettvangi heimilisofbeldismála eru mjög mikilvægir til að það sé alltaf sambærileg nálgun lögreglumanna við aðkomu að slíkum málum. Í verklagsreglum ríkislögreglustjóra frá 13. september 2018, er fjallað um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru til lögreglu. Ríkislögreglustjóri gefur út svonefnda

lögregluhandbók handa lögreglumönnum. Í 6. grein handbókarinnar er fjallað um verkferla þegar um útköll er að ræða og einnig verkferla sem lögreglumennirnir þurfa að fylgja á meðan að þeir eru á leið á vettvang og á meðan þeir eru á vettvangi. Þessir verkferlar eru afar mikilvægir og það skiptir miklu máli að allir fari eftir þeim. Sem dæmi má nefna að það hvernig skráning á vettvangi er framkvæmd, t.d. varðandi brot og allar aðstæður, getur haft áhrif á skráningu annarra verkefnaflokka samhliða heimilisofbeldismálinu (Ríkislögreglustjóri, 2018). Verkferlar lögreglunnar í dag eru með þeim hætti að þegar tilkynning berst um grun um heimilisofbeldi eða heimilisóróa þá er almenna lögreglan, útkallslögreglan, send á vettvang til að kanna málið. Það fer strax full vinna í gang hjá útkallslögreglunni sem leitar eftir því hvaða einstaklingar eru skráðir á heimilisfangið, hvort þeir eigi sögu í lögreglukerfinu, bakgrunnur þeirra er kannaður og skráð skotvopnaeign skoðuð (Viðmælandi A, 2021). Ef lögreglu er neitað um að komast inn á vettvang og ekki tekst að ná til ættingja eða annarra sem hafa aðgang að húsnæðinu, þá ber frekar að kalla til lásasmið til að opna hurð en að brjóta upp hurðina, því alltaf skal velja vægara inngrip. Ef hinsvegar álitid er að verið sé að misþyrma þolanda eða að þolandi sé veikur, þá ber að brjóta upp hurðina til að komast inn á vettvang (Ríkislögreglustjóri, 2018). Þegar lögreglumennirnir mæta á staðinn, skoða þeir aðstæður á vettvangi og sjónir þeirra beinast þá að því, hvort að þar hafi átt sér stað átök sem megi rekja til heimilisofbeldis. Ef svo er, þá eru kallaðir til rannsóknarlögreglumaður, fulltrúi félagsmálastofnunar og einnig fulltrúi barnaverndar, ef barn eða börn eru skráð á heimilið. Þetta á einnig við þegar börn eru með stutta búsetu á heimilinu, t.d. um stöku helgar eða sem gestkomandi. Ef börnin búa á staðnum, þá er það alltaf tilkynnt til barnaverndar, líka þegar eingöngu er um að ræða ágreining með orðum. Rannsóknarlögreglumaðurinn yfirtekur rannsóknina á staðnum (Viðmælandi B, 2021). Oftar en ekki er gerandinn handtekinn á vettvangi og færður á lögreglustöð til skýrslutöku og dvalar þar meðan að á rannsókn stendur. Ef grunur á heimilisofbeldi er á rökum reistur, er tekin skýrsla af þeim sem eru á staðnum eða hafa orðið vitni að átökunum, t.d. heyrt hávaða og læti, hurðaskelli, upphrópanir með ótta eftir líkamsmeiðingar og hróp á hjálp, miklar tilfæringar húsgagna eða brothljóð. Kannað er hvort að hér sé um endurtekin brot að ræða, endurtekin sambærileg brot eða hvort stigvaxandi harka er í heimilisofbeldinu. Þá er einnig spurt um hvort það séu vopn á heimilinu. Hættumat er fyllt út, en það er gátlisti fyrir brotaþola þar sem meðal annars er reynt að segja til um alvarleika brotsins og þá einnig hvort um endurtekið brot sé að ræða. Þetta á að gera án tillits til þess hverjir eiga hlut að máli. Hættumatið má nota síðar meir sem grunn fyrir aðra tegund gátlista, B-SAFER gátlista sem fulltrúar upplýsinga- og áhættudeildar lögreglunnar nota til að vinna áfram og dýpra með

heimilisofbeldismál. Þar að auki er nauðsynlegt að mynda allan vettvanginn og einnig mynda ef sýnilegir áverkar eru á brotapolu. Ef í ljós kemur á vettvangi að ósættið hefur eingöngu verið tjáð með orðum, þá er það skilgreint sem ágreiningur tengdra og skyldra. Þá hefur ekki átt sér ekki brot heldur ágreiningur (Viðmælandi A, 2021). Ef engin börn tengjast viðkomandi, þá er valfrjálst að fá aðstoð frá félagsþjónustunni. Því skiptir máli að lögreglumaðurinn kynni vel þau úrræði sem standa til boða fyrir jafnt þolendur sem gerendur. Báðir aðilar, þolandi og gerandi, eru í brýnni þörf fyrir aðstoð og það á ekki síst við ef um er að ræða nána, tengda eða skylda aðila. Sálfræðihjálp er alltaf boðin varðandi börnin. Lögreglan býðst oft til að aðstoða brotapolu til að fara á slysadeildina eða til að aðstoða brotapolu að leita leiða ásamt félagsþjónustunni (Viðmælandi A, 2021). Ef barn hefur orðið vitni að heimilisofbeldi getur það falið í sér sjálfstætt brot gegn barnaverndarlögunum. Með þessu nýja verklagi, þá eru stofnanirnar að vinna betur saman til þess að stoppa ofbeldið sem annars getur haldið áfram til næstu kynslóðar. Þegar börn undir 15 ára aldri verða fyrir heimilisofbeldi og lögregla þarf að taka nánari skýrslu af þeim vegna rannsóknarinnar, þá fer skýrslutakan fram í Barnahúsi. Börn geta orðið fyrir ofbeldi af hálfu systkina sinna eða foreldra, eins geta foreldrar orðið fyrir heimilisofbeldi af hálfu barna sinna. Þegar búið er að taka skýrslu og allir þættir liggja fyrir, þá eru málin send til ákærusviðs, sem metur hvort að eigi að gefa út ákæru og fara með málin fyrir dóm (Vigdís Lilja Ásgeirsdóttir, 2018). Rannsókn lögreglu og eftirfylgni lýkur með samtali lögreglumanns við brotapolu ef búið er að koma í heimsókn með félagsþjónustunni eða barnavernd, annars er tekið símtal og athugað hvernig gangi og hvort ástæða er til að kanna málið enn frekar. Ef grunur er um að þolandinn geti hugsanlega verið í hættu, skal eftirfylgni í öllum tilfellum vera í formi heimsóknar (Eyrún Sif Helgadóttir og Sara Glóð Jónsdóttir, 2019).

## 6.1 Verklag lögreglu í heimilisofbeldismálum fólks af erlendum uppruna

Í rannsókn sem var gerð á vegum Kvennaathvarfsins árið 2020 kemur fram að erlendar konur geta verið í mjög alvarlegri stöðu þegar um heimilisofbeldi er að ræða, m.a. vegna þess hve litla íslensku þær tala og eiga því erfitt með að finna upplýsingar um hvert þær geta leitað í vanda sínum. Erlendu konurnar sem upplifa heimilisofbeldi eru oft mjög háðar maka sínum fjárhagslega, aðrar eru beittar hótunum um að makinn láti taka af konunni barn sitt, gerendurnir virðast einnig reyna að gefa konum sínum rangar upplýsingar. Oft voru það samstarfsfélagar kvennanna eða yfirmenn sem komu konunum til hjálpar og upplýstu þær um Kvennaathvarfið.

Flestar konurnar sögðust hefðu farið fyrir úr sambandinu sem þær voru í, ef þær hefðu vitað um Kvennaathvarfið (Samtök um kvennaathvarf, 2020). Það getur verið að sumar erlendar konur vilji frekar ræða við aðra en lögreglu, þá skiptir miklu máli að þær viti af þessum úrræðum. Í Bjarkarhlíð er lögreglumaður sem konurnar geta rætt við, en þar eru einnig aðrir aðilar sem þær geta talað við. Sumar af þessum konum þora ekki að leita til lögreglu vegna þess að maki eða fyrrverandi maki, er búinn að segja þeim að þær verði sendar úr landi ef þær ræði við lögregluna. Það er mikilvægt að lögreglumenn fái söguna þegar að þeir eru komnir inn á heimilið. Áhersla þeirra þarf að vera á því að fá söguna rétta, vegna þess að ef það er saga fyrir heimilisofbeldi og lögreglan hefur aldrei verið kölluð inn á heimilið fyrir vegna þess, þá er áriðandi að lögreglan geti hafið rannsókn og geti gripið inn í til þess að geta beitt réttum úrræðum. Það er mikilvægt að horfa á stóru heildarmyndina en ekki festast í minni hlutunum. Lögregla hefur heimild til að skipa brotþola réttargæslumanni, sem vinnur vinnuna á kostnað ríkisins. Réttargæslumaðurinn getur verið lögfræðingur, verjandi eða lögmaður. Þetta er nýtt í stærri og alvarlegri heimilisofbeldismálum (Viðmælandi B, 2021). Lögreglan reynir að nýta ýmsar leiðir til að ná til kvenna af erlendum uppruna. Ein leiðin er að nota myndbönd sem eru þýdd á fleiri tungumál en íslensku og er dreift inn í samfélag fólks af erlendum uppruna í gegnum ýmsa samfélagsmiðla. Það getur haft afgerandi áhrif hvernig talað er um lögregluna á myndböndunum, einkum að það sé sagt „Lögreglan á Íslandi“ eða „*The police in Iceland*“, til að leggja áherslu á að þarna er verið að tala um aðkomu, viðmót og hjálpssemi lögreglunnar hér á landi, henni megi treysta. Ef þetta kemst ekki greinilega til skila, þá fer hugurinn mögulega í heimalandið þar sem getur verið slæm reynsla af lögreglunni, sem getur valdið því að erlendar konur leiti síður til lögreglunnar (Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir, 2016).


Í dag er mikilvægt að stofnanir vinni vel saman varðandi aðkomu lögreglu að heimilisofbeldismálum tengda útlendingum, flóttamönnum og fólki sem leitar sér alþjóðlegrar verndar á Íslandi. Hér er um að ræða hópa fólks sem koma oft úr ólíkum menningarheimum og oft úr afar karllægum samfélögum. Þá er fræðsla fyrir konur og karla, bæði í sitt hvoru lagi og jafnvel líka saman og úrræðin kynnt fyrir þeim og líka nálgun lögreglu. Konur af erlendum uppruna sem flytjast hingað til lands og verða þolendur heimilisofbeldis, óttast mögulega að reyna að leita sér hjálpar. Það er áriðandi að lögreglan tryggi þeim öruggan stað út frá málum tengdum heimilisofbeldi, þrátt fyrir að þær hafi eingöngu skammtíma dvalarleyfi, vegna þess að þær eiga ekki bakland hér á landi. Það skiptir máli að lögreglan nái til þessara kvenna (Viðmælandi A, 2021).

Þegar um er að ræða um erlenda aðila, sakborning eða brotþola sem skilja íslensku ekki nægilega vel, þá er alltaf löggildur túlkur kallaður til en ef það er ekki mögulegt þá á að leitast við að nota símatúlkun. Það er ekki leyfilegt að fá nákominn aðila til að sjá um túlkun (Ríkislögreglustjóri, 2018).

## 7. Tölfræðilegur samanburður á tilkynningum á heimilisofbeldi á árunum 2017 til 2020


Tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgaði á árinu 2020 miðað við sama tíma árið 2019. Hér að neðan má sjá gögn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsviði Reykjavíkurborgar, sjá mynd 1. og mynd 2. Á mynd 1. má sjá aukningu á útköllum vegna heimilisofbeldis á þrettán mánaða tímabili í Reykjavík frá 2017 til 2018. Á tímabilinu frá október til desember 2018 varð hinsvegar fækkun útkalla frá sama tímabili árið áður. Það sem í fljótu bragði virtist aukning útkalla er því fækkun útkalla frá 2017 til 2018. Fjöldi tilkynninga segir ekki endilega til um heildarfjölda heimilisofbeldis afbrota, aðeins þeirra sem hefur verið tilkynnt um.

*Mynd 1. sýnir fjölda útkalla í Reykjavík í 13 mánuði frá desember 2017 til og með desember 2018, samtals 475 útköll. Útköllin á árinu 2017 voru samtals 440. Síðustu þrjú mánuði ársins 2018 voru útköllin samtals 101 en á sama tíma árið áður 121.*



Á mynd 2. má sjá aukningu á útköllum vegna heimilisofbeldis frá árinu 2019 til 2020, hvort heldur sem skoðað er 13 mánaða tímabil, sept. til sept., eða þrjú síðustu mánuðir árána. Aukning skráðra brota verður í lok febrúar 2020 á þeim tíma þegar upphaf Covid19 er hér á landi. Sá tími er þegar atvinnulífið og hverdagslíf fólks breytist og þá reynir meira á samveru fólks.

Mynd 2. sýnir fjölda útkalla/tilkynninga í Reykjavík í hverjum mánuði í 13 mánuði frá september 2019 til og með september 2020, samtals 565 útköll. Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði ári fyrr, eða frá september 2018 til og með september 2019, voru útköllin 493 (72 færri). Síðustu þrjú mánuðina, júlí 2020 til og með september 2020, voru útköllin 133. Á sama tíma 2019 voru þau 120 (13 færri).



(Ríkislögreglustjóri, 2019).

Samkvæmt rannsókn á ofbeldi gegn konum sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd gerði fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 kemur fram að rúmlega 42% aðspurðra kvenna á Íslandi hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma eftir 16 ára aldur. Hlutfallið var umreiknað miðað við þann fjölda kvenna og jafngildir það að 44 til 49 þúsund konur á þessu aldursbili hafi verið beittar ofbeldi á lífsleiðinni. Ríflega 22% kvenna höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi frá 16 ára aldri (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Þá sýna rannsóknir að helmingur kvenna sem voru myrtar á árunum 1999 til 2018 voru myrtar af maka sínum eða fyrrverandi maka, en 9% karla sem voru myrtir, voru myrtir af maka sínum eða fyrrverandi maka (Sigrún Sif Jóelsdóttir, 2020).

Þær tilkynningar um heimilisófrið sem berast til lögreglu eru flokkaðar eftir eðli málanna, annars vegar í ágreining og hins vegar í heimilisofbeldi. Á árinu 2013 bárust LRH lögreglu á höfuðborgarsvæðinu 593 tilkynningar varðandi heimilisófrið í Reykjavík en af þeim voru 438 mál skilgreind sem ágreiningur og 155 mál sem ofbeldi (Ríkislögreglustjóri, 2018).

## 8. Áhrif Covid19 á aukningu heimilisofbeldis

Heimsfaraldur Covid19 hefur haft mikil áhrif um allan heim og víða er talað um aukningu heimilisofbeldis í kjölfar hans. Forstjóri Evrópuskrifstofu WHO gaf út að þolendum heimilisofbeldis á tímum Covid19 hafi fjölgað um 60% og þolendur eru oftast konur og börn (World Health Organization Europe, 2020). Fjölgun tilkynninga heimilisofbeldismála hér á landi á tímum Covid19 má rekja til aðstæðna í þjóðfélaginu og einnig til vitundarvakningar meðal almennings um að tilkynna grun um heimilisofbeldi til lögreglu. Þessi aukna vitundarvakning auðveldar lögreglunni að ná til og aðstoða þolendur heimilisofbeldismála. Það má ekki horfa aðeins neikvætt á aukningu tilkynninga, heldur eru fleiri að stíga fram og tilkynna um grun á heimilisofbeldi og það má líta á sem jákvæða þróun. Karlar geta einnig búið við heimilisofbeldi þó svo að algengara sé að konan sé fórnarlambið og karlinn gerandinn. Karlar leita sér síður hjálpar en konur og má það hugsanlega rekja til skammar og ímyndar karlmennskunnar sem ræður því að þeir stíga síður fram (Viðmælandi A, 2021). Ástæðurnar



fyrir auknu heimilisofbeldi geta verið margar. Þör eru meira heima fyrir, staðan í samfélaginu er ekki eins og áður og hinar ýmsu takmarkanir sem eru í gildi ýta gjarnan undir einangrun fólks og auðvelda þannig ofbeldismönnum að hafa betri stjórn á aðstæðunum (Chantal Ösp van Erven 2020). Samkomutakmarkanir geta leitt til félagslegrar einangrunar inni á ofbeldisfullu heimili þar sem misnotkunin getur aukist á tímum sem þessum vegna efnahagslegrar óvissu og streitu (Lee, 2020). Heimilisofbeldi er ekki eingöngu bundið við maka, það geta verið börn að beita sína nánustu andlegu eða líkamlegu ofbeldi. Gerendur nýta jafnvel öryggisráðstafanir vegna Covid19 og samkomutakmarkanir til að stjórna ferðum og daglegri virkni þolenda sinna. Þá er líka hætt við að áfengis- og fíkniefnaneysla aukist í einangrun vegna faraldursins. Ofan á allt þetta takmarkar samkomubann möguleika þolenda á að komast á brott og nýta þau stuðningskerfi sem í boði eru (Viðmælandi A, 2021).

Tilkynningum um heimilisofbeldi á Íslandi fjölgaði um 30% frá 24. apríl 2019 til sama tíma 2020. Frá 1. janúar 2020 til 20. apríl 2020 voru tilkynningarnar samtals 290. Tilkynningunum hefur einkum fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og eins á Austurlandi. Við upphaf Covid19 voru 2 morðmál á Íslandi rakin til heimilisofbeldis. Kona á sextugsaldri fannst látin á heimili sínu á Suðurnesjum. Málið var rannsakað sem manndráp og var sambýlismaður hennar handtekinn þann 1. apríl árið 2020 grunaður um morðið. Þann 6. apríl 2020 fannst svo kona látin í heimahúsi í Hafnarfirði og var sonur konunnar handtekinn á staðnum grunaður um morðið á móður sinni (Lára Ómarsdóttir og Freyr Arnarson, 2020).

Samtökin Heimilisfriður sérhæfa sig í meðferð gerenda heimilisofbeldis og þangað geta þeir gerendur leitað sem vilja taka á sínum málum og taka ábyrgð á gjörðum sínum. Eftir að áhrifa Covid19 fór að gæta, þá fjölgaði mikið eftirspurnum þangað eftir aðstoð og telur forstöðumaður Heimilisfriðs, Andrés Ragnarsson, að kvíði og óöryggi sem skapast vegna samkomutakmarkana eigi sinn þá í því. Stór hluti þeirra sem þangað leita eiga sér sögu um að hafa sjálfir verið beittir ofbeldi. Andrés leggur áherslu á að koma gerendum heimilisofbeldis í skilning um, að það að þeir hafi sjálfir upplifað ofbeldi réttlæti engan veginn að þeir beiti aðra ofbeldi. Andrés bendir á að hægt sé að sjá ýmsar vísbendingar um heimilisofbeldi, t.d. reyni ofbeldismaðurinn oft að einangra heimilið (Lára Ómarsdóttir og Freyr Arnarson, 2020).

## 8.1 Börn geta verið í aukinni hættu vegna heimilisofbeldis

Frá því að samkomubann var sett á 16. mars 2020 og síðan hert, hefur Barnavernd Reykjavíkur fengið fjölda tilkynninga frá börnum sem voru sjálf að leita eftir hjálp vegna heimilisofbeldis. Í samkomubanni reynir meira á heimilin, þá breytist rúttinan hjá fólki og samveran eykst. Þar sem heimilisofbeldi er fyrir, reynir meira á samveruna í samkomubanni og þá er meiri hættu á að heimilisofbeldið aukist og að staðan á heimilum verði verri. Það er greinilegur munur á fjölda á alvarlegum tilkynningum á milli ára. Tilkynningum til Barnaverndar um börn í bráðri hættu í mars 2020 fjölgaði um fimm til sex prósent miðað við árið áður. Teymi sem kallast bráða- og viðbragðsteymi hjá Barnaverndarstofu bregst strax við þegar þannig tilkynningar berast. Þennan mikla mun má skýra með áhrifum Covid19 (Þórdís Arnljótsdóttir, 2020). Heimilisofbeldi getur haft varanleg áhrif á börn. Heiða Björg Pálmadóttir forstjóri Barnaverndarstofu segir rannsóknir sýna, að ef barn býr við og er vitni að heimilisofbeldi, þó svo að ofbeldið beinist ekki að því sjálfu, þá geti það haft svipuð áhrif á heila barns og ef það elst upp á stríðssvæði (Lára Ómarsdóttir og Freyr Arnarson, 2020). Niðurstöður rannsóknar Lucindu Árnadóttur frá 2015 sýndu að börn sem hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, sýni sömu einkenni kvíða og þunglyndis og börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Þar kemur einnig fram að 2015 hafi 10 – 13% íslenskra barna verið beitt ofbeldi eða upplifað það heima fyrir (Lucinda Árnadóttir, 2015).

## 9. Þolendur og gerendur

Þegar lögreglumenn mæta fyrst á vettvang heimilisofbeldis, getur reynt mjög á hæfni þeirra til að greina hverjir eru raunverulegir þolendur eða gerendur heimilisofbeldisins. Lögreglumennirnir þurfa að vera nákvæmir í skýrslugerð sinni varðandi lýsingar á aðstæðum og tengslum meintra þolenda og meintra gerenda (Ríkislögreglustjóri, 2018). Aðdragandi mála

og allar aðstæður eru ekki alltaf augljósar og það getur oft reynst erfitt að fá hið rétta fram. Þetta getur átt við hvort heldur sem það eru konur eða karlmenn sem eru þolendur eða gerendur. Þegar karlmenn eru þolendur heimilisofbeldis leita þeir sér síður hjálpar lögreglu. Karlmenntöskan og skömmin yfir því að vera beittur heimilisofbeldi geta átt þátt í því að karlmenn leiti síður eftir hjálp. Önnur ástæða getur einnig verið ótti karlmannsins við að gerandanum takist að sannfæra lögregluna um að hinn raunverulegi gerandi sé þolandinn. Konur geta líka verið gerendur þó að þær séu oftast þolendur heimilisofbeldis (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Í skýrslu félagsfræðinganna Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur koma fram þær niðurstöður, að þeir sem beita heimilisofbeldi hafa oftast en ekki komið við sögu lögreglu eins og t.d. varðandi ölvun eða ávana- og fíkniefni (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010). Í raun og veru má segja að engin tvö mál eru eins varðandi heimilisofbeldi, svo sem aðkoman að ofbeldinu, ólíkir hópar brotþola og gerenda, t.d. útlendingar eða Íslendingar, börn, unglingar eða fullorðnir, andlega heilbrigðir eða andlega veikir einstaklingar, minnihlutahópar, eldri borgarar eða fatlaðir.

Sem dæmi um úrræði með ákveðið forvarnargildi fyrir þolendur má nefna neyðarhnapp, nálgunarban og jafnvel að setja síma í vöktun. Það að setja síma í vöktun er að símanúmer þolanda er sett í vöktun hjá Neyðarlínunni og geta fjarskipti lögreglu þá brugðist snögg við. Með nálgunarbaninu metur lögreglan hvort eigi að útvega þolanda neyðarhnapp. Hvert mál þarf að meta fyrir sig varðandi að fá neyðarhnapp en að setja síma í vöktun er oftast notað. Í dag er lögreglan með fleiri og öflugri verkfæri til þess að vinna eftir í heimilisofbeldismálum. Núna er lögreglu heimilt taka brotamaninn af heimilinu (Viðmælandi B, 2021) en eitt alvarlegasta inngrípið gagnvart geranda er frelsissvipting í formi nauðungarvistunar. Með nauðungarvistun er verið að frelsissvipta viðkomandi einstakling. Í 19. grein lögræðis laga er að finna heimild til að beita nauðungarvistun, en þar kemur ekkert fram um hvað þurfi að sýna fram á í greiningum eða áliti lækna sem réttlæti slíka frelsissviptingu (Geðhjálpar, 2021). Nauðungarvistunarræðinu er aðeins beitt ef ástand geranda er með þeim hætti, að hann er talinn geta verið hættulegur bæði sjálfum sér og öðrum. Þá getur nauðungarvistun komið til greina, en lögreglan getur ekki ein tekið ákvörðun um slíkt og þá þarf áður að vera í sambandi við lækna og hugsanlega fjölskyldu viðkomandi. Ef viðkomandi er andlega veikur, þá á hann rétt á réttargæslumanni sem styður hann í þessu ferli við lögreglu og fleiru. Ef um er að ræða mikið veika einstaklinga, þá þarf lögreglan að hafa samband við héraðslækni/Borgarlækni varðandi framhaldið, hvort að það eigi að vista viðkomandi hjá lögreglu eða á geðdeild. Hér

skiptir nálgun félagsþjónustunnar miklu máli, að hún komi inn í til þess að styðja og veita ráðgjöf (Viðmælandi B, 2021).

Þegar heimilisofbeldi skilur ekki eftir sig sjáanlega áverka, getur reynst erfitt að fá gerandann sakfelldan í þeim málum sem falla undir 217. gr. hgl. en þar er átt við minniháttar líkamsárás. Oft á tíðum getur reynst erfitt að fá brotþola til að leggja fram kæru jafnvel í málum sem falla undir 218. gr. hgl. en þar er átt við meiriháttar líkamsmeiðingar eða jafnvel 218. gr. b. hgl. sem varðar heimilisofbeldi. Þar kemur fram að gerandinn getur átt yfir höfði sér allt að 6 ára, eða jafnvel 16 ára fangelsi eftir umfangi og alvarleika brotsins (Almenn hegningarlög, 1940). Kynbundið ofbeldi er alvarleg staðreynd á Íslandi og mikill fjöldi kvenna og stúlkna eru fórnarlömb kynferðisofbeldis hér á landi árlega. Svo alvarleg er staðan að eftirlitsnefnd Sameinuðu Þjóðanna hefur lýst áhyggjum sínum af þessari háu tíðni og hve vægt er tekið á þessum málum í réttarkerfinu. Fjöldi kvenna og barna lifir í ótta við kúgun, hótanir og ofbeldi á heimili sínu, staðnum sem annars ætti að vera þeim griðastaður (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2021).

Árið 2020 skipuðu íslensk stjórnvöld aðgerðateymi til að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi. Talið var nauðsynlegt að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Áhersla var lögð á að vinna með viðkvæmum hópum; börnum, öldruðum, fötluðum og konum af erlendum uppruna, þ.e. þeim hópum fólks sem reynslan hefur sýnt að væru í meiri hættu almennt en aðrir hópar til að verða fyrir ofbeldi. Auka átti víðtækt samráð við fagaðila og fá fjölda aðila til þátttöku (Stjórnarráð Íslands, 2020). Sett var fram aðgerðaáætlun til að fyrirbyggja heimilisofbeldi og kynferðisafbrot gagnvart börnum og til að tryggja þolendum viðeigandi aðstoð. Í aðgerðaáætlunni er mikil áhersla lögð á að laga svefnvandamál og einnig erfiða hegðun ungra barna, til að draga úr líkunum á ofbeldisfullri framkomu þeirra síðar á lífsleiðinni. Aðgerðaáætlunin á að tryggja aukna fræðslu til foreldra og annarra umönnunaraðila barna og unglinga, til að draga úr hættunni á að barn verði fyrir kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu eða dvalarstað. Ítrekuð er tilkynningaskylda almennings til Barnaverndar ef grunur er á kynferðislegri misnotkun eða heimilisofbeldi af öðru tagi og áhersla lögð á mikilvægi söfnunar gagna á vettvangi ofbeldis, en slík gögn eru oft lögð til grundvallar þegar dæmt er í heimilisofbeldismálum. Efla á menntun þeirra sem vinna með þolendum ofbeldis, m.a. með gerð námsefnis og efla á fræðslu innan lögregluskóla um hvernig beri að bregðast við heimilisofbeldismálum. Það er athyglisvert að í aðgerðaáætluninni kemur fram að í kynferðisafbrotamáli gegn barni er mikilvægt að gæta þess, að barnið fái ekki meðferð hjá

sérfræðingi fyrr en að lokinni skýrslutöku. Ef barnið sæki meðferð fyrir skýrslutöku eða könnunarviðtal, þá geti það haft áhrif á framburð barnsins. Í aðgerðaáætluninni er einnig gert ráð fyrir meðferðarúrræðum fyrir gerendur, einkum unga gerendur (Stjórnarráðið, 2021).

## 10. Bjargráð

Hvað á einstaklingur í eynd og vonleysi, sem sér ekki fram á næsta dag, til bragðs að taka, til að finna að hann er ekki einn og að hjálp sé í boði? Það er staðreynd, að heimilisofbeldi á sér stað á öllum tímum sólarhringsins og á öllum dögum vikunnar, það skiptir ekki máli hvort það er helgi eða virkur dagur, nótt eða dagur. Þegar fólk verður fyrir heimilisofbeldi er brýnt að það viti af úrræðum sem standa því til boða. Margir vita af úrræðum en þora ef til vill ekki að taka skrefið og leita sér hjálpar. Stundum er þolandinn svo háður gerandanum, að hræðslan við enn meira ofbeldi ef það fréttist að hann hafi leitað sér hjálpar, leiðir til þess að „fórnarlambið“ leitar sér ekki hjálpar (Viðmælandi A, 2021).

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan, þá hefur heimilisofbeldi aukist eftir að Covid19 faraldurinn fór að leggjast af þunga á samfélagið. Fyrir þann tíma var búið að setja í gang ýmis úrræði fyrir fólk sem verður fyrir ofbeldi af einhverju tagi inni á eigin heimili frá nánnum aðstandanda. Þegar það kemur síðan í ljós að aðeins hluti þolenda nýtir sér úrræðin og þjónustuna sem þeim stendur til boða, þá er brýnt að huga að því hvernig hægt er að koma upplýsingunum betur til skila, því með auknu álagi vegna Covid19 má ganga út frá því að þörfin fyrir úrræði verði enn brýnni (Viðmælandi A, 2021). Þolendum heimilisofbeldis er stundum úthlutaður neyðarhnappur í öryggisskyni og tilkynningar varðandi heimilisofbeldi berast núorðið líka í gegnum neyðarhnappinn. Ef þrýst er á neyðahnappinn í sex sekúndur, þá kemur tilkynning til öryggisfyrirtækis sem lætur lögregluna vita. Lögreglan fer þá strax á staðinn sem skilaboðin bárust frá eða að unnið er eftir símanúmerinu sem sem birtist hjá Neyðarlínunni. Ef sá, sem vill láta vita um að eitthvað sé að, getur ekki talað í síma, þá er hægt að ná sambandi við 112.is á netinu og þar er að finna allar nauðsynlegar leiðbeiningar (Viðmælandi B, 2021). Úrræðin eru margvísleg. Bjarkarhlíð og Kvennaathvarfið í Reykjavík, Kvennaathvarfið á Akureyri og Bjarmahlíð á Akureyri, taka á móti þolendum heimilisofbeldis. Konur geta leitað með börn sín í kvennaathvörfin til að flýja heimilisofbeldi. Karlar jafnt sem

konur, sem hafa orðið fyrir ofbeldi, geta leitað í Bjarkarhlíð og Bjarmahlíð (Viðmælandi B, 2021). Úrræði eru mismunandi eftir sveitarfélögum, en til dæmis útvegar félagsþjónustan í Kópavogi þeim sem hafa lengi verið í klóm heimilisofbeldis og hafa jafnvel haldið til hjá Kvennaathvarfinu, íbúð sem úrræði á meðan verið er að vinna í málum þeirra (Viðmælandi A, 2021). **Neyðarlínan** í síma 112 og **Rauði krossinn** í síma 1717, bjóða fólki á öllum aldri, líka börnum, að hringja inn og ræða hvaða erfiðu mál sem er (Lögreglan, 2020).

## 11. Samantekt og niðurstöður

Viðfangsefni mitt hér í ritgerðinni var að fjalla um aðkomu lögreglu að heimilisofbeldismálum þegar lögregla er kvödd inn á heimili vegna gruns um heimilisofbeldi eða heimilisófrið. Samkvæmt 1. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála, er heimilisofbeldi líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi, sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum aðila með valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu. Heimilisofbeldi er ekki bundið við heimili geranda og/eða þolanda, sbr. 4. gr. verklagsreglnanna (Ríkislögreglustjóri, 2018). Markmið mitt var að skoða þá verkferla sem lögreglan á að vinna eftir á vettvangi brots, samkvæmt verklagsreglum ríkislögreglustjóra og hvernig verkferlarnir breyttust við breytingar sem urðu á verklagsreglunum árið 2015. Ég vildi einnig skoða hvort breytingarnar á verklagsreglunum hefðu leitt af sér markvissari verkferla sem leiddu þá til betri aðstoðar, stuðnings og þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Rannsókn mín var af meginþunga eigindleg og viðtalsformið hálfstaðlað með það að leiðarljósi að frásögn viðmælenda væri frjálss og svörun opin. Til að öðlast sem besta innsýn í stöðu mála á lifandi vettvangi tók ég viðtöl við tvo starfandi lögreglumenn sem eru starfandi á vettvangi heimilisofbeldismála á höfuðborgarsvæðinu í dag. Ég bauð þeim einnig frelsi til að tjá sig líka um aðra þætti sem lúta að verkferlum og aðkomu lögreglunnar á vettvangi heimilisofbeldismála og eftirfylgni við þolendur og gerendur. Með þessu móti gat ég nálgast viðfangsefnið, verklag á vettvangi, með skýrari og ítarlegri hætti en annars væri. Ég fjallaði ítarlega um verkferla lögreglunnar, allt frá því þegar lögregla fær tilkynningu um útkallið og

þangað til að lögreglumenn hafa komið þolanda í öruggt skjól og einnig jafnvel aðstoðað líka geranda. Hér á landi geta þolendur heimilisofbeldis reynst vera erlendir aðilar sem bera lítið traust til lögreglunnar og því finnur lögreglan sérstakar leiðir til að ná til þeirra.

Í rannsóknarvinnu minni kom í ljós að fyrir árið 2013 var almennt lögð áhersla á að bjóða þolandanum að yfirgefa heimilið frekar en að fjarlægja gerandann. Það gat verið mikið rask fyrir mæður með börn sín að yfirgefa heimilið. Með breyttri nálgun almennt árið 2015, í kjölfar tilraunaverkefnisins „*Að halda glugganum opnum*“, var lögð áhersla á að gerandanum var frekar gert að yfirgefa heimilið. Þetta nýja verklag fól í sér meiri áskorun á lögregluna á vettvangi til að geta brugðist við fjölbreyttari aðstæðum til að ná enn betri árangri.

Með verklaginu „*Að halda glugganum opnum*“, 2013 til 2016, var farið að styrkja þolandann meira en áður var venjan og aðkoma félagsþjónustunnar varð meiri til að veita styrk og leiðbeina þolanda og jafnvel líka geranda og veita ráðleggingar með hvert mætti leita eftir aðstoð. Ef talið var að heimilisofbeldi hefði átt sér stað, þá var nú samstundis kallaður út rannsóknarlögreglumaður sem kom á viðkomandi heimili (Sigríður Björk Guðjónsdóttir, 2018). Við mat á verklaginu „*Að halda glugganum opnum*“ og því hvernig til hefði tekist, voru niðurstöðurnar þær, að samstarf milli fagaðila hefði batnað til muna. Einn helsti kosturinn við þetta verklag væri snemmtæk íhlutun, meiri stuðningur og eftirfylgni. Í niðurstöðunum var helsti gallinn á verkefninu sagður sá, að skortur hefði verið á eftirfylgninni, hún var til staðar en var ekki nægilega mikil og var þetta helst skrifað á annríki lögreglunnar. Annað veigamikið atriði sem hafði ekki tekist eins vel til með og vonir stóðu til, var það að framfylgja nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Það sem kom í veg fyrir það voru almenn hegningarlög nr. 19/1940 en þau sköruðust á við lögina sem lögreglan átti að vinna eftir, þ.e. lög nr. 85/2011. Aðgerðaráætlun lögreglu í tengslum við nálgunarbann og brottvísun af heimili var því ekki að virka sem skyldi (Björn Már Sveinbjörnsson, 2016). Lagabreyting var síðan gerð á almennum hegningarlögum árið 2016 í baráttunni við heimilisofbeldi með setningu ákvæðis 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ef rannsókn lögreglu leiðir til niðurstöðu um að heimilisofbeldi hafi átt sér stað, þá er hægt að ákæra gerandann samkvæmt ákvæðum laga 218. gr. b. Þetta ákvæði kveður einnig á um endurtekið ofbeldi eða alvarlegan verknað. Samkvæmt þessu voru endurtekin heimilisofbeldisbrot virt sem heildstætt brot og að ekki þyrfti að sanna hvert tilvik fyrir sig. Ofbeldið þyrfti ekki að eiga sér stað innan veggja heimilis en kveðið var á um að nánin tengsl væru á milli geranda og þolanda (Hildigunnur Guðmundsdóttir, 2019). Með góðu samstarfi lögreglu og félagsþjónustu er megin markmiðið í nýrri nálgun gegn

heimilisofbeldi á Íslandi, að ná betri árangri varðandi heimilisofbeldismál með ýtarlegri rannsókn og eftirfylgni (Helga Rósa Atladóttir, 2015).

Rannsóknarspurningar mínar í þessari ritgerð eru „*Hverjir eru fyrstu verkferlar lögreglunnar við aðkomu inn á heimili í kjölfar tilkynningar um heimilisófrið eða heimilisofbeldi*“? „*Hvernig er nýju verklagi varðandi heimilisofbeldi háttað í samanburði við hvernig það var áður og hvernig er eftirfylgni lögreglu háttað nú*“? Þær hafa leitt mig að þeirri niðurstöðu að í dag ríkja mjög strangar verklagsreglur um allt ferlið hjá lögreglumönnum, alveg frá því að útkalls birtist vegna gruns um heimilisofbeldi eða heimilisófrið og þangað til að allri rannsóknarvinnu er lokið á vettvangi og búið er að veita bæði þolanda og geranda aðstoð. Rannsókn hjá lögreglu getur leitt til þeirrar niðurstöðu að sótt er um nálgunarbann hjá dómsstólum. Ef niðurstaða dómsstóla er á þá vegu að nálgunarbann er samþykkt, þá ber geranda að víkja strax af heimilinu eftir að niðurstaða dómsstóla liggur fyrir. Lögreglu ber að birta geranda úrskurðinn og ef gerandi er enn búandi á heimilinu, þá ber honum að fara strax af heimilinu við birtingu úrskurðarins. Hið nýja verklag lögreglu er árangursríkara vegna þess að málin eru nú tekin fastari tökum frá upphafi málsins en áður fyrr var gert.

Ég hef einnig komist að því að vinna rannsóknarlögreglumannsins er mikilvægur þáttur í ferlinu. Rannsóknarlögreglumaðurinn er sá sem leiðir rannsóknina á vettvangi og hefur umsjón með málinu hjá lögreglu þar til þáttur lögreglunnar er kominn í höfn, hvort sem að málin fari áfram eða þeim ljúki með áskjósanlegri niðurstöðu. Með breyttu verklagi lögreglunnar og samvinnu við félagsþjónustu og barnavernd, þá hefur tekist betur að vinna dýpra og markvissara með heimilisofbeldismál almennt og styrkja bæði þolendur og jafnvel gerendur. Eftirfylgnin hefur fengið sterkari áherslu en áður og betri heildarsýn fæst á hvert einstakt mál, hún skiptir miklu máli til að geta hjálpað þolendum jafnvel gerendum. Eftirfylgnin getur átt þátt í því að aðilar sem eiga hlut að máli ræði um sín mál við fagaðila og rannsóknarlögreglumann.

Rannsókn mín leiddi einnig í ljós að merkjanleg aukning varð á tilkynningum um heimilisofbeldi eftir að settar voru á samkomutakmarkanir vegna Covid19 faraldursins. Fjölgun þeirra má vafalítið rekja til þeirra aðstæðna sem mynduðust á heimilum vegna langvarandi einangrunar fjölskyldna og líka vegna vitundarvakningar almennings um að hika ekki við að tilkynna um heimilisofbeldi eða grun um heimilisofbeldi.

Það sem stendur upp úr rannsókninni er hvað áskoranir lögreglumanna sem fara í útkall vegna tilkynninga um heimilisofbeldi eru margskonar og oft mjög krefjandi. Fram að 2013 var útkalli



vegna heimilisofbeldis sinnt af þeim lögreglumönnum sem voru á vakt þegar útkallið kom, þeir veittu þolanda stuðning og skráðu málin í málaskrá lögreglu. Síðar breyttist þetta og samvinna lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar varð til þess að þjónusta á vettvangi gat orðið mun skilvirkari og barnvænni þar sem börn upplifðu heimilisofbeldi. Staðreyndin er hinsvegar sú að aðstæður í lögregluumdæmunum eru mjög mismunandi og því getur reynst erfitt eða jafnvel ógerlegt að framkvæma settum verkferlum. Eftirfylgni lögreglu og félagsþjónustunnar eru mikilvægir þættir í heildar ferlinu til að mögulegt sé að fylgjast betur með þróun mála og veita þolendum og einnig gerendum traustari aðstoð við sýn mál. Þetta þarf einnig að vera mögulegt í fámennari lögregluembættum.

## 12. Heimildaskrá

Almenn hegningarlög (1940. 218. gr. b.).

Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>

Björn Már Sveinbjörnsson. 2016. *Er aðgerðaráætlun lögreglu í tengslum við nálgunarbann og brottvísun af heimili að virka sem skyldi?* Háskóli Íslands. Sótt

af <https://skemman.is/bitstream/1946/23475/1/Bj%20M%20a%20Sveinbj%20%20rnsson.pdf>

Elisabeth Lind Matthíasdóttir. 2020. *Stafrænt kynferðisofbeldi: Heimfærsla til refsíákvæða og rannsóknarúrræði lögreglu.* Háskóli Íslands. Sótt af

<https://skemman.is/bitstream/1946/34733/2/Elisabeth%20Lind%20Matthi%20%20asdo%20%2081tir.pdf>

Elísabet Karlsdóttir ásamt Sólveigu Sigurðardóttir. (2015). *Mat á tilraunaverkefni Barnaverndarstofu. Um nýja nálgun í heimilisofbeldismálum* Samstarf barnaverndar og lögreglu.

Sótt af <https://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Mat-a-tilraunaverkefni-Barnaverndarstofu--skyrsla.pdf>

Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir. (2016). *Saman gegn ofbeldi: Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi.* Sótt af

[https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/16407/Lokauttekt\\_Saman\\_gegn\\_ofbeldi\\_FIN.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/16407/Lokauttekt_Saman_gegn_ofbeldi_FIN.pdf?sequence=1)

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research.* Boston: McGraw-Hill.

Eyrún Sif Helgadóttir og Sara Glóð Jónsdóttir. (2019). *Ofbeldi á ekki að vera einkamál fólks*. Háskólinn á Akureyri. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/33904/1/BA%20ritger%c3%b0%20L%c3%b6greglufr%c3%a6%c3%b0i%20Eyr%c3%ban%20og%20Sara.pdf>

Geðhjálp. (2021). *Réttindagátt*. Sótt af <https://rettindagatt.is/hopar/naudungarvistun/>

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Heimilisofbeldi: Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007*. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Heimilisofbeldi-%C3%A1greiningur-og-ofbeldi-milli-skyldra-og-tengdra-eins-og-%C3%BEa%C3%B0-birtist-%C3%AD-g%C3%B6gnum-1%C3%B6greglu-%C3%BAtg.-2010.pdf>

Helga Rósa Atladóttir. (2015). „Að halda glugganum opnum“ *Reynsla starfsmanna félagsþjónustu af samstarfi við lögreglu um heimilisofbeldi á Suðurnesjum*. Háskóli Íslands. Sótt af: [https://skemman.is/bitstream/1946/23404/1/Helga%20R%c3%b3sa%20Atlad%c3%b3ttir\\_lok%20aeintak%20MA\\_Skemman.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/23404/1/Helga%20R%c3%b3sa%20Atlad%c3%b3ttir_lok%20aeintak%20MA_Skemman.pdf)

Hildigunnur Guðmundsdóttir (2019). *Að sporna við heimilisofbeldi*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/34761/1/Hildigunnur%20Gu%c3%b0mundsd%c3%b3ttir.pdf>

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ofbeldisbaekur/ofbeldiadalbokin.pdf>

Jafnréttisstofa. (2021). *Þú átt von*. Sótt af <https://www.jafnretti.is/von/upplýsingar/skilgreiningar-a-heimilisofbeldi>

Kvennaathvarf. *Skiptu þér af!* Sótt af <https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2018/02/Skiptu-%C3%BE%C3%A9r-af.pdf>

Lára Ómarsdóttir og Freyr Arnarson. (2020). *Heimilisofbeldi í skugga kórónuveirufaraldurs*. Ríkisútvarpið, Kveikur. 28. apríl 2020. Sótt af <https://www.ruv.is/kveikur/heimilisofbeldi-i-skugga-koronuveirufaraldurs>

Lee, J. (2020). *Mental health effects of school closures during COVID-19*. The Lancet Child & Adolescent Health, 4(6), 421.doi: 10.1016/S2352-4642(20)30109-7 Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/37401/1/Faraldurinn%20sem%20breytti%20li%CC%81fi%20allra%20a%CC%81ri%C3%B0%202020.pdf>

Lucinda Árnadóttir. (2017). Sálfræðiritið. 22. árg. 2017. *Mat á kvíða- og þunglyndiseinkennum íslenskra barna sem búið hafa við heimilisofbeldi*. Sótt af <https://www.hirsla.lsh.is/bitstream/handle/2336/620542/Mat%20....pdf?sequence=1&isAllowed=y>

Lögreglan. (2020). *Heimilisofbeldi*. Sótt af [logreglan.is/fraedsla/ofbeldi/heimilisofbeldi/](http://logreglan.is/fraedsla/ofbeldi/heimilisofbeldi/)

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum. (2013). *Tillaga til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2013*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Rekstur-og-eignir-rikisins/Nyskopun/2014\\_A%C3%B0%20halda%20glugganum%20opnum.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Rekstur-og-eignir-rikisins/Nyskopun/2014_A%C3%B0%20halda%20glugganum%20opnum.pdf)

Mannréttindaskrifstofa Íslands. *Kynbundið ofbeldi*. Sótt af <https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopu/konur/kynbundid-ofbeldi>

Neuman, W. L. (2011). *Social reasearch methods: qualitative and quantitative approaches*. (7. útgáfa). Boston:Pearson.

Padgett, D. K. (2008). *Qualitative methods in social work research* (2. útgáfa). Thousands Oaks: Sage Publications.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann. 2014. *Börn sem búa við heimilisofbeldi. Tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu*. Tímarit félagsráðgjafa 1. tbl. 8. árgangur. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/article/view/1789/840>

Ríkislögreglustjóri. (2018). *Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála*. Sótt af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/06/Verklagsreglur-um-heimilisofbeldi-13.09.2018.pdf>

Ríkislögreglustjóri. (2018). *Afbrotatölfræði*. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/08/Afbrotat%c3%b6lfr%c3%a6%c3%b0i-2019.pdf>

Ríkislögreglustjóri. (2020). *Afbrotatölfræði*. Sótt af [https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Bradabirgdatolur-2020\\_GB.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Bradabirgdatolur-2020_GB.pdf)

Samtök um kvennaathvarf. (2020.) *Erlendu konurnar í Kvennaathvarfinu – hvað hefði hjálpað?*

Sótt af: <https://www.kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2020/09/Erlendar-konur.pdf>

Sigríður Björk Guðjónsdóttir (2018). *Ný nálgun á Íslandi í baráttunni gegn heimilisofbeldi*. Sótt af <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/greinar/ny-nalgun-a-islandi-i-barattunni-gegn-heimilisofbeldi>

Sigrún Sif Jóelsdóttir. (2020). *Faraldur ofbeldis gegn konum og börnum í COVID heimsfaraldri* Sótt af <https://stundin.is/grein/11060/>

Stjórnarráð Íslands. *Aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/adgerdaaetlun.pdf>

Stjórnarráð Íslands. 2020. *Aukinn kraftur í aðgerðir og vitundarvakningu gegn ofbeldi*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/05/05/Aukinn-kraftur-i-adgerdir-og-vitundarvakningu-gegn-ofbeldi/>

Vigdís Lilja Ásgeirsdóttir. (2018). *Börn sem búa við heimilisofbeldi*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/31568/3/Lokaskjal.pdf>

Þórdís Arnljótsdóttir (2020). *Tilkynningum um börn í bráðri hættu hefur fjölgað* Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/04/20/tilkynningum-um-born-i-bradri-haettu-hefur-fjolgad>

Viðmælandi A. (2021) *Viðtal við starfandi rannsóknarlögreglumann á höfuðborgarsvæðinu*.

Viðmælandi B. (2021). *Viðtal við starfandi aðstoðaryfirlögregluþjón á höfuðborgarsvæðinu*.

World Health Organization Europe. (2020, 7. maí). Statement – During COVID-19 pandemic, violence remains preventable, not inevitable. Sótt af <https://www.euro.who.int/en/about-us/regional-director/statements-and-speeches/2020/statement-during-covid-19-pandemic,-violence-remainspreventable,-not-inevitable>